



Skólanefnd Grímsnes- og Grafningshrepps

Fundargerð.

5. fundur Skólanefndar Grímsnes- og Grafningshrepps var haldinn í Stjórnsýsluhúsinu Borg, 12. janúar 2023 kl. 14:15.

Fundinn sátu:

Pétur Thomsen, formaður, fulltrúi sveitarstjórnar
Anna Margrét Sigurðardóttir, fulltrúi sveitarstjórnar
Guðrún Helga Jóhannsdóttir, fulltrúi sveitarstjórnar
Anna Katrín Þórarinsdóttir, fulltrúi kennara
Emilía R. Gilbertsdóttir, fulltrúi leikskóladeildar
Íris Gunnarsdóttir, fulltrúi foreldra
Jóna Björg Jónsdóttir, skólastjóri

Fundargerðin var rituð í tölvu og hana ritaði Guðrún Helga Jóhannsdóttir.

1. Umbótaáætlun vegna ytramats leikskóladeildar (drög í viðhengi)

Drög að umbótaáætlun ytramats leikskóladeildar lögð fram til umræðu, verður afgreidd frá skólanefnd á næsta fundi. Beðið er staðfestingar á dagsetningum á framkvæmdum frá sveitarstjóra.

Skil á umbótaáætlun til Menntamálastofnunar er í lok febrúar.

2. Starfsmannamál

Mannekla er í Kerhólsskóla, það vantar tæplega tvo starfsmenn í leikskólann og má meðal annars rekja það til skorts á húsnaði fyrir kennara. Tillaga kom frá Önnu Margræti Sigurðardóttir fulltrúa sveitarstjórnar að koma upp húsnaði fyrir starfsfólk leikskóla og skóla. Skólanefnd tekur undir tillöguna og skorar á sveitarstjórn að skoða mögulegar lausnir á málinu sem allra fyrst.

3. Skólaþing

Tillaga um að halda skólaþing lögð fram. Skólaþing myndi ræða reynsluna af samreknnum leik- og grunnskóla og fara yfir yfirstjórn og skipurit skólans. Skólanefnd samþykkir að halda skólaþing og óskar eftir að funda þann 24. janúar kl. 14:30 með sveitarstjórn og varafultrúum sveitarstjórnar að undirbúningi skólaþings.

4. Erindi frá ADHD samtökunum (sjá viðhengi)

Erindi frá ADHD samtökunum lagt fram til umræðu. Starfsfólk skólans hefur nýlega settið fræðslu um ADHD hjá sérkennara skólans. Skólastjóri mun upplýsa starfsfólk skólans um þau námskeið sem ADHD býður upp á og gefa starfsfólki kost á að sækja námskeið ADHD.



Skólanefnd Grímsnes- og Grafningshrepps

5. Önnur mál

Tillaga var lögð fram um að skoða hvort ástæða sé til að hafa gæslu í skólabíl.

Smiðjudagar verða haldnir í Kerhólsskóla 9.-10. febrúar þegar c.a. 120 unglingar koma saman.

Fulltrúi foreldra kom á framfæri ósætti foreldra við skerðingu á opnunartíma leikskólans í kringum jólin. Opið var frá klukkan 9 til 15, þrjá daga fyrir jól og milli jóla og nýárs.

Næsti fundur Skólanefndar verður haldinn 7. febrúar 2023, kl.14:15-16:00.

Ekki fleira tekið fyrir og fundi slitið kl. 15:25.